

**Nr. 086 / 10 Skúlaskeið****Strandar á Akureyjarri**

Skipaskr.nr. 6581  
Smíðaður: Siglufirði 1959 Fura og eik  
Stærð: 9,2 brl. 13,4 bt.  
Mesta lengd: 11,72 m Skráð lengd: 11,27  
Breidd: 3,41 m Dýpt: 1,34 m  
Vél: Vetus 36 kW, 1985  
Fjöldi skipverja: 2  
Fjöldi farþega: 10



Skúlaskeið ©Hilmar Snorrason

**Gögn:**  
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 18. febrúar 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 19. júní 2010 var farþegabáturinn Skúlaskeið á siglingu á Kollafirði skammt undan Akurey. Veður: VSV 3 m/sek. Sjór: Ládautt.

Verið var í útsýnissiglingu með farþega og siglt nálægt ströndinni á hægri ferð. Þegar komið var NA af eyjunni strandaði báturinn um 30 metra frá fjöruborðinu. Skipstjóri kallaði í nálægan farþegabát sem svaraði ekki kallinu. Þá kallaði hann út hjálparbeiðni á rás 16 og var björgunarbáturinn Stefnir sendur frá Kópavogi og ferjaði hann farþegana yfir í farþegabátinn Rósina 2761 sem flutti þá til lands.

Ákveðið var að bíða eftir að félli aftur undir bátinn og flaut hann af steininum þegar féll að um kvöldið.

**Við rannsókn kom fram:**

- að skipstjóri sagðist hafa siglt þarna oft og gjörþekki svæðið en hann hafi siglt þarna fimm ferðir á dag þrjá daga vikunnar í mánaðar tíma;
- að þrátt fyrir það hafði skipstjóri ekki mið af steininum og hann viti ekki til þess að steinninn hafi nafn en núna hafi hann mið af honum;
- að flóð var kl. 12:02 en steinninn kemur misjafnlega mikið upp úr á fjöru en fjara var kl. 18:11 og sagði skipstjóri að steinninn hafi þá komið upp;
- að sögn skipstjóra var steinninn ekki merktur inn í kortið í siglingatölvu bátsins sem var af gerðinni Shipmate;

- að báturinn var með farþegaleyfi en skipstjóri hafði ekki tilskilin réttindi s.s. námskeið í fjarskiptum ásamt hóp-og neyðarstjórnun.

*Nefndarálit:*

Orsök atviksins var gáleysi við stjórn bátsins á varhugaverðu svæði.

Nefndin telur það einnig ámælisvert að reglur um öryggismönnun vegna farþegaleyfis hafi ekki verið virtar.